



ÁRSREIKNINGUR 2025
Sparisjóður Austurlands

Sparisjóður Austurlands hf.

Ársreikningur
2025

Sparisjóður Austurlands hf.
Egilsbraut 25
740 Neskaupstað
Kt. 621214-0630

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Ófjárhagslegar upplýsingar	24

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður.

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurnefndum lögum. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á starfssvæði sínu.

Hagnaður Sparisjóðsins nam 146,2 millj. kr. fyrir skatta og lögbundið 5% framlag til samfélagslegra verkefna. Framlag til samfélagslegra verkefna nam 7,3 millj. kr., skattar 28,8 millj. kr. og hagnaður ársins eftir skatta 110,1 millj. kr. Bókfært eigið fé 31.12.2025 nam 1.324,0 millj. kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 31,1%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%. FME mat eiginfjárbörf sjóðsins samkvæmt svonefndu SREP ferli sumarið 2022. Lágmarkskrafa FME er nú 13,5% og með eiginfjárukum var hún 20,5% í árslok 2025.

Mat á helstu áhættuþáttum sjóðsins og eftirlit með þeim er mikilvægur hluti af starfsemi hans. Áhættumælingar eru lagðar fyrir stjórn fjórum sinnum á ári. Umfangsmesta áhætta sparisjóðsins er útlánaáhætta en stærstur hluti útlána hans er tryggður með veði í íbúðarhúsnæði. Samtals námu þessi lán 6.574,8 millj kr. í árslok 2025. Aðrar mikilvægar áhættur eru tengdar verðtryggingarjöfnuði og vaxtamun á hverjum tíma.

Eiginfjárstaða og lausafjárstaða sparisjóðsins er góð og eru vanskil viðskiptamanna hans lítil. Sparisjóðurinn er því nokkuð vel í stakk búinn til að styðja við viðskiptavinum sína með nýjum lánveitingum.

Á árinu störfuðu 6,9 starfsmenn að meðaltali hjá sjóðnum og námu laun og launatengd gjöld til þeirra ásamt launum stjórnarmanna samtals 140,7 millj. kr. en beinar launagreiðslur samtals 105,6 millj.kr.

Hlutfé sjóðsins nam í árslok 700,9 millj. kr. og skiptist á 116 aðila. Eftirtaldir aðilar eru stærstu hluthafar sjóðsins í árslok 2025:

	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands	49,46%
Fjarðabyggð	22,37%
Samvinnufélag útgerðarmanna Neskaupstað	7,99%
Stapi lífeyrissjóður	6,50%
Launafli ehf.	1,60%
Austfjarðaleið ehf.	1,01%
Rauðaping ehf	0,80%
Guðmundur J. Skúlason	0,44%
Sigfús Vilhjálmsson	0,22%
Rúnar Gunnarsson	0,21%
Tómas Zoéga	0,21%

Eitthundraðogfimm aðrir aðilar eiga minni hluti samtals 9,19% af hlutfé sjóðsins.

Stjórn sjóðsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2026 vegna afkomu ársins 2025. Um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Upplýsingar um áhættugreiningu og áhættuþætti í rekstri sjóðsins er að finna í skýringu 22 með ársreikningnum.

Stjórnarhættir

Í janúar 2026 samþykkti stjórn sjóðsins yfirlýsingu um stjórnarhætti til að skerpa á mikilvægi góðra stjórnarháttanna hjá sjóðnum. Yfirlýsingin byggir m.a. á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, samþykktum sjóðsins ásamt öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum sem við eiga. Við gerð yfirlýsingarinnar og innleiðingu starfshátta til samræmis við hana var fylgt tilmælum 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands gáfu út í febrúar 2021. Yfirlýsingu um stjórnarhætti má sjá á heimasíðu sjóðsins, www.sparaust.is og í viðauka við ársreikninginn: Ófjárhagslegar upplýsingar.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra frh.:

Stjórnarhættir, frh.:

Stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. telur góða stjórnarhætti vera forsendu traustra samskipta hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Stjórn sparisjóðsins er kjörin á aðalfundi sjóðsins og er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Sitjandi stjórn er skipuð þremur karlmönnum og tveimur konum.

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sparisjóðsins og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum sjóðsins eða ákvörðun stjórnar. Hönnun áhættuferla, eftirlit með áhættustöðum og eftirlit með virkni innra eftirlits er á ábyrgð Endurskoðunar - og áhættunefndar og innri endurskoðanda sparisjóðsins.

Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Sparisjóður Austurlands hefur ávallt haft hagsmuni nærsamfélagsins að leiðarljósi þegar kemur að rekstri hans og þátttöku í samfélagsverkefnum. Unnið var að því á árinu 2023 að móta stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð sem byggir meðal annars á grunni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um þrjár víddir sjálfbærrar þróunar sem og öðrum viðmiðum sem Sparisjóðurinn starfar eftir er tengjast meðal annars samfélagsábyrgð. Þessi stefna var samþykkt í janúar 2024. Samkvæmt samþykktum sínum mun sjóðurinn sinna samfélagslegu hlutverki í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nánar tiltekið með því að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð. Þá mun sjóðurinn styðja við íþrótt- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatta samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Sjá nánar á heimasíðu sjóðsins, www.sparaust.is.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana, og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættu- og óvissupáttum sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Austurlands hf. hafa í dag yfirlit ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni og leggja til við aðalfund sparisjóðsins að samþykkja ársreikninginn.

Neskaupstað, 31. mars 2026

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Sparisjóði Austurlands hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Austurlands hf. („sjóðurinn“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 23. apríl 2018 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Virðisrýrnun útlána

Í árslok námu útlán 8.409 millj. kr. eða 69,1% af heildareignum sjóðsins. Virðisrýrnun útlána í árslok nam 79,0 millj. kr.

Mat á virðisrýrnun útlána er lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi sjóðsins vegna þess hversu hátt hlutfall útlána er af heildareignum hans og jafnframt er mat á virðisrýrnun útlána sjóðsins háð óvissu og mati stjórnenda.

Stjórnendur hafa greint frá reikningsskilaaðferðum við mat á virðisrýrnun útlána í skýringu 2. g. sem og breytingum á virðisrýrnun útlána í skýringu 10.

Við lögðum mat á reikningsskilaaðferðir og forsendur sem stjórnendur nota við mat á útlánunum. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- Mat á útreikningum sjóðsins á virðisrýrnun útlána með endurreikningi.
- Mat á hönnun og innleiðingu eftirlitsþátta í útlánaferli sjóðsins, undirliggjandi tryggingum og virðisrýrnun útlána í árslok.
- Við máttum réttmæti þeirra gagna sem notuð eru til grundvallar mati á virðisrýrnun í árslok.
- Við yfirförum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur lánastofnana kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og sparisjóðsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og sparisjóðsstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og sparisjóðsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Sigurjón Örn Arnarson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 31. mars 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Vaxtatekjur		973.654	995.659
Vaxtagjöld		(479.008)	(549.427)
Hreinar vaxtatekjur	4	<u>494.646</u>	<u>446.232</u>
Þjónustutekjur		62.006	64.377
Þjónustugjöld		(36.238)	(31.761)
Hreinar þjónustutekjur	5	<u>25.768</u>	<u>32.616</u>
Hreinn gengishagnaður		87	526
Aðrar rekstrartekjur	6	1.914	1.762
Aðrar rekstrartekjur samtals		<u>2.001</u>	<u>2.288</u>
Hreinar rekstrartekjur		522.415	481.136
Laun og launatengd gjöld	7	140.656	155.488
Annar rekstrarkostnaður	8	216.197	173.004
Afskriftir	13-14	16.006	13.952
Rekstrargjöld samtals		<u>372.859</u>	<u>342.444</u>
Framlag í afskriftareikning útlána	10	10.654	27.665
Hagnaður fyrir skatta		138.902	111.027
Tekjuskattur	9	(28.821)	(24.544)
Hagnaður ársins		<u>110.081</u>	<u>86.483</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka		2.571.106	2.132.935
Kröfur á lánastofnanir		26.446	53.214
Útlán til viðskiptamanna	10	8.408.731	8.200.183
Fullnustueignir		3.000	3.000
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	7.589	7.589
Fjárfestingaverðbréf	12	1.034.060	939.099
Rekstrarfjármunir	13	40.697	42.887
Óefnislegar eignir	14	79.704	81.356
Aðrar eignir		4.538	4.666
Eignir samtals		<u>12.175.871</u>	<u>11.464.929</u>
Skuldir			
Almenn innlán	16	10.671.066	10.074.161
Aðrar skuldir		143.518	145.104
Tekjuskattur til greiðslu		28.509	23.279
Skattskuldbinding	15	8.784	8.472
Skuldir samtals		<u>10.851.877</u>	<u>10.251.016</u>
Eigið fé			
Hlutfé		700.887	700.887
Lögbundinn varasjóður		62.310	51.302
Óráðstafað eigið fé		560.797	461.724
Eigið fé samtals	17	<u>1.323.994</u>	<u>1.213.913</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>12.175.871</u>	<u>11.464.929</u>

Eiginfjáryfirlit árið 2025

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breyting á eigin fé á árinu 2025				
Eigið fé 1. janúar 2025	700.887	51.302	461.724	1.213.913
Hagnaður ársins			110.081	110.081
Lagt í lögbundinn varasjóð		11.008	(11.008)	0
Eigið fé 31. desember 2025	<u>700.887</u>	<u>62.310</u>	<u>560.797</u>	<u>1.323.994</u>

Breyting á eigin fé á árinu 2024

Eigið fé 1. janúar 2024	700.887	42.654	383.889	1.127.430
Hagnaður ársins			86.483	86.483
Lagt í lögbundinn varasjóð		8.648	(8.648)	0
Eigið fé 31. desember 2024	<u>700.887</u>	<u>51.302</u>	<u>461.724</u>	<u>1.213.913</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	16	110.081	86.483
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur	4	(494.646)	(446.232)
Gengismunur		(87)	(526)
Virðisrýrnun útlána	10	10.654	27.665
Tekjuskattur	15	28.821	24.544
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	13-14	16.006	13.952
		<u>(329.171)</u>	<u>(294.114)</u>
Útlán og kröfur, breyting	10	(96.600)	(932.459)
Aðrar eignir, breyting		128	7.017
Innlán, breyting	16	446.136	440.617
Aðrar skuldir, breyting		(1.586)	16.325
		<u>18.907</u>	<u>(762.614)</u>
Innheimtir vextir		731.095	781.307
Greiddir vextir		(328.498)	(355.583)
Greiddur tekjuskattur		(23.279)	(23.628)
Handbært fé til rekstrar		<u>398.225</u>	<u>(360.518)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í óefnislegum eignum	14	(12.164)	(15.763)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(12.164)</u>	<u>(15.763)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		386.061	(376.281)
Handbært fé í ársbyrjun		1.998.995	2.375.162
Áhrif gengisbreytinga á innistæður í erlendri mynt		346	114
Handbært fé í árslok		<u>2.385.402</u>	<u>1.998.995</u>
Handbært fé greinist þannig:			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka, óbundið		2.358.956	1.945.781
Kröfur á lánastofnanir		26.446	53.214
		<u>2.385.402</u>	<u>1.998.995</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Austurlands hf. Heimilisfang sjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Sjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Fjármálaeftirlit SÍ hefur eftirlit með sjóðnum á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálaStarfsemi. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á starfssvæði sínu.

Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri staðfestu ársreikninginn þann 31. mars 2026.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum, að öðru leyti en því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur sjóðsins hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og það er mat þeirra að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi rekstrar. Ársreikningurinn er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

b. Matsaðferðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað. Matsóvissan felst fyrst og fremst í ákvörðun um niðurfærslu vegna útlána sjóðsins.

c. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur reiknast af innstæðum í Seðlabanka, kröfum á lánastofnanir, útlánun, fjárfestingarverðbréfum og öðrum fjáreignum sem bera fasta eða breytilega vexti. Vaxtagjöld reiknast af innlánunum og öðrum skuldum. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætla sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

d. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

e. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

f. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning við móttöku arðsgreiðslunnar.

g. Virðisrýrnun útlána og krafna

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánnum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasófnnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflakki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:

- óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
- almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánnum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða;

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við vænt framtíðarsjóðstreymi eða núvirði þeirra trygginga sem sjóðurinn hefur fyrir lánunum. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á söfnum útlána og krafna

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin út frá sögulegum gögnum sjóðsins um útlánatöp og vanskil ásamt því sem tekið hefur verið tillit til efnahagslegra mælikvarða í samræmi við ákvæði reglna um reikningsskil lánastofnana.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

h. Skattar

Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstandur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Fjársýsluskattur

Sjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sjóðsins.

i. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

j. Útlán til viðskiptamanna og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem sjóðurinn tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og sjóðurinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

k. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sjóðurinn færir tiltekna fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhald sem fjáreignir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.

l. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

m. Fjárfestingaverðbréf

Skuldabréf eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af eignarhaldinu hefur verið flutt frá sjóðnum.

Fjárskuld er skráð þegar sjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

n. Fullnustueignir

Eignir sem sjóðurinn hefur eignast vegna fullnustu á kröfum. Eignir eru í sölumeðferð og eru eignfærðar á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Skýringar, frh.:

o. Rekstrarfjármunir og ófnislegar eignir

Rekstrarfjármunir og ófnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar og húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3 - 5 ár
Hugbúnaður	5 - 10 ár

p. Innlán

Sjóðurinn fjármagnar sig að mestu leyti með innlánnum frá viðskiptavinum. Innlánin samanstanda af bundnum og óbundnum innlánnum. Innlán eru í upphafi metin á gangvirði, en eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

r. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

s. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á sjóðnum, og líklegt þykir að útstreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

t. Eigið fé

(i) Hlutfé

Samkvæmt samþykktum sjóðsins nemur hlutfé hans 700,9 millj. kr. og er það í eigu 116 aðila. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

(ii) Lögbundinn varasjóður

Lögbundinn varasjóður er stofnaður í samræmi við lög um hlutfélög sem kveða á um að ráðstafa eigi hluta af hagnaði í lögbundinn varasjóð uns hann nemur fjórðungi af hlutfé í sjóðnum.

(iii) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé samanstendur af óúthlutuðum hagnaði og tapi sem hefur safnast upp hjá sjóðnum að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum.

3. Mat stjórnenda

Sjóðurinn framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggjast á reynslu og öðrum þáttum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

Virðisrýrnun útlána og krafna

Útlánasafnið er endurskoðað reglulega til að meta virðisrýrnun. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkun verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar á breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðarfræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á ætluðu tapi og raunverulegu tapi.

Skýringar, frh.:

4. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir og innstæðum í Seðlabanka	190.333	217.889
Vaxtatekjur útlána og fjárfestingaverðbréfum	783.321	777.770
Vaxtatekjur samtals	973.654	995.659
Vaxtagjöld af innlánnum	477.583	549.423
Vaxtagjöld af lántöku	1.425	4
Vaxtagjöld samtals	479.008	549.427
Hreinar vaxtatekjur	494.646	446.232

5. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:		
Útlán	5.307	5.627
Þóknunartekjur af kreditkortum	34.717	33.508
Ábyrgðapóknun	749	4.058
Aðrar þjónustutekjur	21.233	21.184
Þjónustutekjur samtals	62.006	64.377
Þjónustugjöld	(36.238)	(31.761)
Hreinar þjónustutekjur	25.768	32.616

6. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:	2025	2024
Húsaleigu- og aðrar rekstrartekjur	1.914	1.762
	1.914	1.762

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	105.564	116.948
Launatengd gjöld	35.092	38.540
	140.656	155.488
Starfsmannafjöldi sjóðsins er sem hér segir:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	6,9	6,9
Stöðugildi í árslok	6,4	6,0

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Tölvuþjónusta	117.026	91.593
Endurskoðunar- og reikningsskilakostnaður	12.496	12.509
Sérfræðiþjónusta	20.883	9.724
Húsnæðis og skrifstofukostnaður	14.446	14.448
Félagsgjöld SÍSP og önnur félagsgjöld	25.736	24.118
Samfélagsstyrkir	7.300	5.850
Ýmis annar kostnaður	18.310	14.762
Önnur rekstargjöld samtals	216.197	173.004

Endurskoðunar- og reikningsskilakostnaður sundurliðast þannig:

Þóknun endurskoðenda

Endurskoðun ársreiknings og árshlutareiknings	8.652	7.911
Innri endurskoðun	3.844	4.598
Samtals þóknun til endurskoðenda	12.496	12.509

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi auk vinnu sem stjórn sjóðsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum ýmis sérfræðiaðstoð.

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		2025		2024
Hagnaður fyrir skatta		138.902		111.027
Tekjuskattur af afkomu ársins	20,0%	27.780	21,0%	23.316
Leiðrétting vegna fyrra árs	(0,3%)	(423)	0,0%	0
Ófrádráttarþær gjöld	1,1%	1.464	1,1%	1.228
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	20,8%	28.821	22,1%	24.544

Skattur í efnahagsreikningi greinist þannig:

		2025		2024
Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs	(8.472)	(7.207)		
Reiknaður tekjuskattur ársins	(28.821)	(24.544)		
Tekjuskattur til greiðslu	28.509	23.279		
	(8.784)	(8.472)		

10. Útlán til viðskiptavina

Útlán greinast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	751.509	721.964
Skuldabréf	7.657.222	7.478.219
Útlán til viðskiptavina samtals	8.408.731	8.200.183

Útlán og kröfur greinast þannig eftir atvinnugreinum lántakenda:

Landbúnaður	134.586	141.661
Sjávarútvegur	28.753	272.016
Lónaður og verktakar	739.858	606.367
Þjónustustarfsemi	1.071.900	1.234.579
Einstaklingar	6.433.634	5.945.560
	8.408.731	8.200.183

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2025	2024
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun árs	28.373	57.422	85.795	58.130
Framlag afskriftareiknings á árinu	8.840	1.814	10.654	27.665
Endurflokkuð niðurfærsla v/ kröfu á Þórkötlum ehf	(17.024)	0	(17.024)	0
Endanlega töpuð útlán	(388)	0	(388)	0
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	19.801	59.236	79.037	85.795

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum

og veittum ábyrgðum	0,2%	0,7%	0,9%	1,0%
---------------------------	------	------	------	------

Viðskiptavinir teljast til stórra áhættuskuldbindinga ef heildarskuldbindingar þeirra eða fjárhagslega- eða stjórnunarlega tengdra aðila eru umfram 10% af eigin fé sjóðsins, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins, nr. 216/207 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Engin skuldbinding má vera meiri en 25% af eigin fé. Þrjár aðilar teljast til stórra áhættuskuldbindinga með skuldbindingar sem nema 14,96%, 13,24% og 12,50% af eigin fé (2024; fjórir, 14,8%, 13,1%, 13,1%, 11,8%).

Skýringar, frh.:

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	2025	2024
Smári sparisjóður hf. Grenivík	7.533	7.533
Saga eignarhaldsfélag ehf., Reykjavík	29	29
Fjölgreiðslumiðlun hf., Reykjavík	27	27
Samtals	7.589	7.589

12. Fjárfestingarverðbréf

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands, Nasdaq	973.701	939.099
Krafa á Þórkötlun ehf	60.359	0
Samtals	1.034.060	939.099

Fjárfestingarverðbréf eru færð miðað við kaupkröfu. Markaðsverð skráðra skuldabréfa nam í árslok 2025 956,2 millj. kr. Krafa á Þórkötlun ehf var færð með útlánunum í ársreikningi 2024.

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður og skrifstofuáhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2025	109.504	16.264	125.768
Afskrifað áður	(68.243)	(14.638)	(82.881)
Bókfært verð 1.1.2025	41.261	1.626	42.887
Afskrifað á árinu	(2.190)	0	(2.190)
Bókfært verð 31.12.2025	39.071	1.626	40.697
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

Fasteignamat húseigna og lóða nam í lok ársins 89,65 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 425,7 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 66,7 millj. kr. þann 31.12.2025.

14. Óefnislegar eignir

Hugbúnaður félagsins greinist þannig:

	Hugbúnaður
Heildarverð 1.1.2025	122.208
Afskrifað áður	(40.852)
Bókfært verð 1.1.2025	81.356
Keypt á árinu	12.164
Afskrifað á árinu	(13.816)
Bókfært verð 31.12.2025	79.704
Afskriftahlutföll	10% - 20%

15. Reiknuð skattskuld

Breyting skattskuldar á árinu greinist þannig:	2025	2024
Reiknuð skattskuld í ársbyrjun	8.472	7.207
Reiknaður tekjuskattur	28.821	24.544
Tekjuskattur til greiðslu	(28.509)	(23.279)
Reiknuð skattskuld í árslok	8.784	8.472
Skattskuld sjóðsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:		
Frestaður gengismunur	47	79
Rekstrarfjármunir	8.738	8.393
Reiknuð skattskuld í árslok	8.784	8.472

Skýringar, frh.:

16. Almenn innlán

Innlán greinast þannig:

Óbundin innlán	6.682.345	5.895.243
Bundin innlán	3.988.721	4.178.918
Innlán samtals	<u>10.671.066</u>	<u>10.074.161</u>

17. Eigið fé

Eigið fé í árslok nam 1.324,0 millj. kr. eða 10,9% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 31,1% en má lægst vera 8,0%. Fjármálaeftirlitið mat eiginfjárbörf sjóðsins samkvæmt svonefndu SREP ferli sumarið 2022. Lágmarkskrafa FME er samkvæmt því 13,5% og með eiginfjárukum er hún 20,5%.

31.12.2025

Lágmarkskrafa FME	13,5%
Verndunarauki	2,5%
Kerfisáhættuauki	2,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,5%
Samanlögð krafa	<u>20,5%</u>

Eiginfjárlutfall reiknast þannig:

	2025	2024
Heildar eigið fé	1.323.994	1.213.913
Óefnislegar eignir	(61.690)	(61.905)
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	(7.533)	(7.533)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>1.254.771</u>	<u>1.144.475</u>

Heildar áhættugrunnur skiptist þannig:

Útlánaáhætta	3.552.750	3.529.573
Markaðsáhætta	7.381	22.922
Rekstraráhætta	477.119	812.140
Áhættugrunnur samtals	<u>4.037.250</u>	<u>4.364.635</u>

Eiginfjárlutfall	31,08%	26,22%
------------------------	--------	--------

Á árinu 2025 breyttust reglur um útreikning áhættugrunns.

Vogunarhlutfall

Fjármálafyrirtæki skal skv. 30. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 uppfylla kröfur um vogunarhlutfall. Vogunarhlutfall sjóðsins í árslok 2025 er 12,8 % en samkvæmt lögnum skal vogunarhlutfall ekki fara undir 3%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig:

	2025	2024
Eigið fé þáttar 1	1.254.353	1.144.475
Áhættuskuldbindingar:		
- Liðir innan efnahags	9.623.548	9.360.368
- Liðir utan efnahags	256.232	172.668
- Frádráttarliðir eiginfjárþáttar 1	(69.223)	(69.438)
Heildaráhættuskuldbindingar	<u>9.810.557</u>	<u>9.463.598</u>
Vogunarhlutfall	<u>12,8%</u>	<u>12,1%</u>

18. Tengdir aðilar

Sjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila sem stjórn sjóðsins, sparisjóðsstjóra og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð ítök hjá stærstu hluthöfum sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni.

Skýringar, frh.:

18. Tengdir aðilar frh.:

Laun og þóknanir til stjórnenda sjóðsins, auk hluthafa, greinast þannig:

	2025		2024	
	Laun og hlunnindi	Hlutafjareign í árslok	Laun og hlunnindi	Hlutafjareign í árslok
Vilhjalmur G. Pálsson, fyrrv., sparisjóðsstjóri	0	0	33.721	0
Þuríður Jónsdóttir, sparisjóðsstjóri	27.345	0	13.669	0
Sigrún Víglundsdóttir, skrifstofustjóri	16.068	0	0	0
Magnús Jóhannsson, fyrrv. skrifstofustjóri	12.187	631	23.003	631
Jón Einar Marteinnsson, stjórnarformaður	3.200	1.403	3.088	1.403
Jón Björn Hákonarson, stjórnarmaður	1.600	0	1.544	0
Jóna Árný Þórðardóttir, stjórnarmaður	1.600	0	1.544	0
Regína Fanný Guðmundsdóttir, stjórnarmaður	1.960	0	1.900	0
Sigurður H. Pálsson, stjórnarmaður	1.960	0	1.900	0
Guðrún Pálsdóttir, endurskoðunarnefnd	360	0	356	0
Guðmundur J. Skúlason, varam. í stjórn	0	3.112	0	3.112
	66.280	5.146	80.725	5.146

Útlán og innlán við tengda aðila sundurliðast þannig:

	2025	2024
Útlán	81.984	123.101
Innlán	847.358	1.192.700

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sjóðsins.

19. Hluthafar

Samkvæmt 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal upplýsa í ársreikningi um hluthafa sem eiga umfram 1% hlutafjár í lok reikningsárs. Sé viðkomandi lögaðili skal jafnframt koma fram hver sé raunverulegur eigandi viðkomandi lögaðila. Eftirtaldir aðilar áttu meira en 1% hlutafjár í sjóðnum í árslok:

Hluthafar	Heimili	%	Raunverulegur eigandi
Ríkissjóður Íslands	Reykjavík	49,46%	
Fjarðabyggð	Fjarðabyggð	22,37%	
Samvinnufélag útgerðamanna Neskaupstað	Fjarðabyggð	7,99%	Petra Lind Sigurðardóttir Magnús Jóhannsson Jón Már Jónsson
Stapi lífeyrissjóður	Akureyri	6,50%	
Launafl ehf.	Fjarðabyggð	1,60%	Sveinn Jónsson Unnar Hallfreður Elisson Dagmar Yr Stefánsdóttir Jón Steindór Árnason Stefanía Malen Stefánsdóttir
Guðmundur J. Skúlason og Rauðapeing		1,24%	Guðmundur J. Skúlason
Austfjarðaleið ehf.		1,01%	Hlífur Þorsteinsson
		90,17%	

20. Veðsettar eignir

Sjóðurinn hefur sett bundið innlán að veði til fullnustu skuldbindingum Sparisjóðsins í greiðslukerfum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma að fjárhæð 141,4 millj. kr. í árslok 2025. Aðrar eignir sjóðsins eru ekki veðsettar.

21. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir

Sjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2025	2024
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	148.295	110.885
Ónotaðar yfirdráttarheimildir og kortaheimildir	539.683	529.097
	687.978	639.982

22. Áhættugreining

a. Áhættustýring

Áhættustýring felur í sér að stýra áhættu sjóðsins með sem skilvirkustum hætti og gera áhættustýringuna sem gagnsæjasta, allt frá stjórn til þeirra einstöku starfsmanna sem taka ákvörðun sem í er fólgin áhættu. Stjórnendur og stjórn greina áhættu sjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru því grundvöllur áhættustýringar sjóðsins. Stjórn sjóðsins ákveður meginstefnur hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri sjóðsins. Stjórn setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjárahættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu.

b. Framkvæmd áhættustýringar

Stjórnendur sjóðsins hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu.

Ákvarðanatáka byggist á skipulagi þar sem stjórn sjóðsins hefur falið öðrum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingar um áhættustöður eru reglulega kynntar fyrir stjórn sjóðsins.

c. Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahættu er hættu á tapi vegna þess að ekki er hægt að standa við skuldbindingar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn fylgist með lausafjárahættu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirséðum og ófyrirséðum greiðslu- skuldbindingum. Sjóðurinn hefur sett sérreglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Þetta felur meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildum og fjáreignum sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixlum og ríkisskuldabréfum.

Auk þess er fylgst með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjárahlutfall sem sendar eru reglulega til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Lausafjárahlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.

d. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir sjóðsins greinast þannig eftir gjalddögum*:

31.12.2025	Gjaldkræft 0-3 mán.	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóðir og innistæður	2.358.956			212.150	2.571.106
Kröfur á lánstofnanir	26.446				26.446
Útlán og kröfur	616.715	470.127	1.300.951	6.020.938	8.408.731
Hlutabréf				7.589	7.589
Fjárfestingaverðbréf	973.701		60.359		1.034.060
Aðrar eignir	4.538				4.538
	3.980.356	470.127	1.361.310	6.240.677	12.052.470
Almenn innlán	6.896.341	430.537	505.999	2.838.189	10.671.066
Aðrar skuldir	152.302				152.302
	7.048.643	430.537	505.999	2.838.189	10.823.368
Fjáreignir - fjárskuldir	(3.068.287)	39.590	855.311	3.402.488	1.229.102
31.12.2024	Gjaldkræft 0-3 mán.	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóðir og innistæður	1.945.781			187.154	2.132.935
Kröfur á lánstofnanir	53.214				53.214
Útlán og kröfur	493.238	542.037	1.370.983	5.793.925	8.200.182
Hlutabréf				7.589	7.589
Fjárfestingarverðbréf			939.099		939.099
Aðrar eignir	4.666				4.666
	2.496.899	542.037	2.310.082	5.988.668	11.337.685
Almenn innlán	6.083.116	392.437	909.601	2.689.007	10.074.161
Aðrar skuldir	153.576				153.576
	6.236.692	392.437	909.601	2.689.007	10.227.737
Fjáreignir - fjárskuldir	(3.739.793)	149.600	1.400.481	3.299.661	1.109.948

*í ofangreindri greiningu er ekki tekið tillit til áætlaðra vaxtagreiðslana í framtíðinni. Fjárhæðir í töflunni eru ekki núvirtar.

Skýringar, frh.:

22. Ahættugreining, frh.:

e. Eftirlit og stýring markaðsáhhættu

Stefna sjóðsins er að fylgjast með markaðsáhhættu í rekstrinum og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hefur sett. Markaðsáhhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhhættuviðmiðum.

f. Vaxtaáhhætta

Vaxtaáhhætta ræðst af mismun á vaxtakjörum innlána eða fjármögnunar annars vegar og útlánavöxtum lánasafns hins vegar. Starfsemi sjóðsins lýtur áhhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma og eru endurreiknaðar á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum.

Breytilegir vextir eigna og skulda geta einnig valdið áhhættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlásvaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við stefnu stjórnar og áhhættuviðmið.

Heildarfjárhæð útlána sjóðsins sem bera fasta vexti nam 205 millj. kr. í lok desember 2025 (2024: 213 millj. kr.).

g. Verðbólguáhhætta

Sjóðurinn stendur frammi fyrir áhhættu vegna verðbólgu á Íslandi þar sem eignir tengdar neysluverðsvísitölu eru minni en samsvarandi skuldir. Allar eignir og skuldir með verðtryggingar ákvæðum eru færðar með áföllnum verðbótum á hverjum tíma og verðbætur færðar í rekstrarreikning.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sjóðsins námu 6.623,8 millj. kr. í lok desember 2025 (2024: 6.127,6 millj. kr.) og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 3.992,2 millj. kr. (2024: 4.178,9 millj. kr.). Verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir námu 2631,6 millj. kr. Fylgst er náið með verðtryggingarjöfnuðinum en mikið ásókn hefur verið verðtryggð útlán síðustu misseri sökum hásvaxtastigs. Í febrúar 2026 greiðast upp verðtryggð ríkisskuldabréf sem nú standa í um 973,7 millj.

h. Gjaldeyrísáhhætta

Gjaldeyrísáhhætta er áhhætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stöðugt er fylgst með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sjóðsins.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum námu 14,9 millj. kr. í lok desember 2025 (2024: 37,1 millj. kr. og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam á sama tíma 12,7 millj. kr. (2024: 16,1 millj. kr.).

i. Rekstraráhhætta

Rekstraráhhætta er áhhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun rekstrarins, t.d. starfsmannamálum, tækni eða uppbyggingu sjóðsins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs-, eða lausafjárahætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstraráhhætta stafar af allri starfsemi sjóðsins. Markmið sjóðsins er að finna jafnvægi milli þess að lágmarka áhhættu og tap og hámarka arðsemi án þess að útiloka frumkvæði starfsmanna. Stjórnendur þróa og útfæra reglur fyrir rekstraráhhættu innan hversrar einingar í takt við almenn áhhættuviðmið sjóðsins.

j. Útlánaáhhætta

Útlánaáhhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótáðilaáhhætta fylgir öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum. Núverandi mótáðilaáhhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Sjóðurinn er einnig opinn fyrir mótáðilaáhhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtttra yfirdráttahæmilda og veittra ábyrgða.

Stjórn sjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu sjóðsins. Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir sparissjóðsstjóra og annarra starfsmanna. Stjórnin afgreiðir útlánabeiðni umfram heimildir sparissjóðsstjóra. Stjórn og stjórnendur sjóðsins sjá um eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtum.

Útlánasafni sjóðsins er dreift milli einstaklinga, atvinnugreina og landsvæða. Útlánasafni sjóðsins er stýrt þannig að enginn einn skuldari eða fjárhagslega tengdur hópur skuldara sé með stærra hlutfall útlánasafnissins en áhhættureglur segja til um.

23. Framlög til samfélagsverkefna

Samkvæmt 1. málsgrein 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 15. gr. samþykktu Sparisjóðs Austurlands hf. skal sjóðurinn ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Gjaldfært hefur verið framlag vegna ársins 2025 að fjárhæð 7,3 millj. kr. Samfélagsstyrkir eru færðir meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

Úthlutun vegna rekstrarársins 2024, nam kr. 5,85 millj. og skiptist þannig:

Íþróttafélagið Þróttur	550.000
Golfklúbbur Norðfjarðar 60 ára afmæli	500.000
Björgunarsveitin Gerpir	400.000
Tæknidagur VA	400.000
Yngri flokkar Fjarðabyggðar KFA	300.000
Björgunarsveitin Brimrún	250.000
Björgunarsveitin Ársól	200.000
Björgunarsveitin Geisli	200.000
Djúpið, Verkmenntaskóli Austurlands	200.000
Hestamannafélagið Blær	200.000
Knattspyrnufélag Austfjarða (KFA)	200.000
Krabbameinsfélag Austfjarða	200.000
Kvennalið Fjarðabyggðar/Höttur/Leiknir	200.000
Neistaflug Neskaupstað	200.000
Skíðafélag Fjarðabyggðar	200.000
Bjarminn félag	100.000
Björgunarsveitin Hérað	100.000
Björgunarsveitin Ísólfur	100.000
Björgunarsveitin Jökull	100.000
Björgunarsveiting Eining	100.000
BRAS Barnameningarhátíð Austurlands	100.000
BRJÁN, Blús, rokk og djassklúbburinn á Nesi	100.000
Félag eldri borgara á Norðfirði	100.000
Franskir dagar Fáskúðsfirði	100.000
Golfklúbbur Eskifjarðar (Golfklúbbur Byggðarholts)	100.000
Golfklúbbur Fjarðabyggðar	100.000
Jólasjóðurinn í Fjarðabyggð	100.000
Kvenfélag Reyðarfjarðar	100.000
Kvenfélagið Nanna	100.000
Velferðarsjóður Fjarðabyggðar	100.000
Kajakklúbburinn Kaj	50.000
Karlakórinn Ármenn	50.000
Stöð í stöð Bæjarhátíð Stöðvarfirði	50.000
Samtals framlög til samfélagsverkefna	5.850.000

Ófjárhagslegar upplýsingar

Viðskiptalíkan

Sparisjóður Austurlands hf. er sparisjóður sem starfar skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að rækja á starfssvæði sínu þá starfsemi sem honum er heimil skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tilgreind eru í starfsleyfi hans frá Fjármálaeftirlitinu. Áætlun Sparisjóðs Austurlands hf. til framtíðar er að reka sparisjóðinn á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og samfélagsins að leiðarljósi. Rekstrarmarkmið sjóðsins er að afkoma hans standi undir þætti Sparisjóðsins í góðu mannlífi á svæðinu, hóflegum arði af hlutafé og stöðugri þróun sjóðsins.

Sparisjóður Austurlands hf. er hlutafélag í eigu 116 aðila. Tveir stærstu hluthafar sjóðsins er Ríkissjóður Íslands sem á 49,5% og Fjarðabyggð sem á 22,4%. Starfsemi Sparisjóðsins byggist á nálægð við viðskiptavini, heiðarleika og trausti, þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina og starfssvæðis, hóflegum vaxtamun, skynsamlegum útlánnum og samstarfi við aðra sparisjóði um að hámarka hagkvæmni og þekkingu í starfi sjóðsins.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Sparisjóðsins byggjast á lögum um fjármálafyrirtæki, samþykktum sjóðsins, reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og reglum um áhættustýringu. Þá fylgir sjóðurinn 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands gefa út. Stjórnarháttaryfirlýsing er gefin út árlega í samræmi við leiðbeiningar og er birt á vefsíðu sjóðsins auk þess að vera birt hér í ársreikningnum.

Sparisjóðurinn hefur sett sér siðareglur. Þar kemur meðal annars fram að hvers kyns mútur og spilling eru aldrei liðnar. Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og persónuverndarstefnu.

Stjórn sjóðsins skipa fimm manns og eru 40% stjórnar konur og 60% karlar. Ein undirnefnd stjórnar er starfandi, endurskoðunar- og áhættunefnd. Einn nefndarmaður er ekki stjórnarmaður Sparisjóðsins og telst því óháður bæði Sparisjóðnum og hluthöfum hans.

Um sjálfbærni sparisjóðsins

Sparisjóðurinn hefur sett sér heildarstefnu um sjálfbærni. Tilgangur þessarar stefnu er að skilgreina megináherslur Sparisjóðsins um sjálfbærni, þ.e. í umhverfis- og félagslegum þáttum og um góða og vandaða stjórnarhætti (UFS), og greina þau áhrif sem starfsemi hans getur haft á sitt nærumhverfi. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi, öllu heldur styðja við gildandi stefnur, reglur og leiðbeiningar sem Sparisjóðurinn fylgir.

Sparisjóðurinn horfir til UFS leiðbeininga Nasdaq, Viðskiptaráðs Íslands og Festu – miðstöð um sjálfbærni. Markmið Sparisjóðsins er að reksturinn verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi, ekki einungis hvað varðar ávöxtun og hagkvæmni heldur jafnframt þegar kemur að UFS viðmiðum í rekstri Sparisjóðsins.

Viðmið

Umhverfisleg viðmið taka á því hvernig Sparisjóðurinn mun vinna meðvitað að því að draga úr neikvæðum umhverfislegum áhrifum í starfseminni samhliða því að vinna að verkefnum í þágu umhverfisins.

Félagsleg viðmið fjalla um það hvernig hugað er að velferð og heilsu starfsfólks, stuðla að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi, leggja áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti ásamt því að styðja við sitt nærsamfélag og huga að sínum hagaðilum.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Viðmið, frh.

Viðmið um góða stjórnarhætti taka á áherslum Sparisjóðsins þegar kemur að því að viðhalda góðu viðskiptasiðferði, huga að innra eftirliti, almennum stjórnarháttum og huga að réttindum viðskiptavina.

Sparisjóðurinn hefur valið fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem byggja á þeim þáttum sem hann hefur skilgreint sem lykilþætti fyrir daglegan rekstur, sína hagaðila og fyrir samfélagið:

- Nr. 5 Jafnrétti kynjanna: Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.
- Nr. 8 Góð atvinna og hagvöxtur: Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- Nr. 9 Nýsköpun og uppbygging: Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
- Nr. 10 Aukinn jöfnuður: Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

Áherslur

Umhverfisþættir

Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin hefur á umhverfið. Sparisjóðurinn mun leitast við að varðveita auðlindir, draga úr úrgangi og endurvinna það sem hægt er. Starfsfólk ber ábyrgð á því að fylgja þessari stefnu og verða að leggja sig fram um að draga úr eigin umhverfisáhrifum á meðan vinnu stendur.

- Draga úr úrgangsmýndun og bæta flokkun
- Draga úr orkunotkun
- Hvetja starfsfólk til að velja vistvænar samgöngur til og frá vinnu
- Taka mið af umhverfis- og samfélagslegum sjónarmiðum við val á birgjum og innkaupum

Félagslegir þættir

Sparisjóðurinn leggur áherslu á að stuðla að velferð starfsfólks og að tryggja heilnæmt starfsumhverfi. Sparisjóðurinn leitast eftir því að veita viðskiptavinum sínum viðtæka og persónulega þjónustu sem lagar sig að þörfum hvers og eins. Sparisjóðurinn leggur upp úr að viðskiptavinir fái ávallt það besta sem í boði er hverju sinni. Þarfir einstaklinga, fjölskyldna og minni fyrirtækja njóta sérstakrar athygli sem endurspeglast í þjónustuframboði og áherslum í þróun.

Innri hagaðilar

- **Stuðla að heilsu og öryggi starfsfólks**
 - o Starfsfólki býðst að sækja um líkamsræktarstyrk árlega. Einnig getur starfsfólk sótt ýmis konar heilsuþættandi þjónustu í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálaafyrirtækja).
- **Jafnrétti kynjanna og fjölbreytileiki**
 - o Sparisjóðurinn leggur ríka áherslu á jöfn laun óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, uppruna eða öðrum þáttum er geta á einhvern hátt mismunað fólki.
 - o Sparisjóðurinn fagnar fjölbreytileika fólks sama hvort um ræðir starfsfólk eða samfélagið í heild.
- **Þjálfun og færniþróun**
 - o Sparisjóðurinn mótir fræðsluáætlun fyrir hvert ár í þeim tilgangi að styðja við áframhaldandi þróun starfsfólks og stuðla að aukinni starfsánægju. Fræðsluáætlunin samanstendur af námskeiðum, fyrirlestrum, innri fræðslu, vinnustofum o.fl. Áhersla er lögð á þætti sem skipta starfsemi Sparisjóðsins höfuðmáli hverju sinni og að þeir uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem fjármálaafyrirtæki. Dæmi um áherslur eru nýliðafræðsla, áhættustýring, þjónusta, upplýsingaöryggi o.fl.
 - o Í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálaafyrirtækja) býðst starfsfólki að sækja um ýmsa menntatengda styrki s.s. háskólanám, endurmenntun og sjálfsstyrkingu o.fl.
- **Einelti og aðlögun:**
 - o Sparisjóðurinn hefur sett sér stefnu og aðgerðaáætlun gegn hvers konar einelti, áreitni og ofbeldi gegn starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum hagaðilum og mun tryggja að hún sé aðgengileg framangreindum aðilum.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Ytri hagaðilar

- Tengsl við samfélagið
 - o Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að styðja við nær samfélagið og samkvæmt 63. gr laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2022 skuli sparisjóðir ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs í samfélagsleg verkefni.
 - o Sparisjóðurinn styður við nær samfélagið með fjárfrahlögum og samstarfi af ýmsu tagi í eftirfarandi málaflokkum:
 - Menning og listir
 - Menntun
 - Góðgerðar- og félagsstarf
 - Íþróttar- og æskulýðsstarf
- Viðskiptavinir:
 - o Stuðla að auknu fjármálalæsi með fræðslu til viðskiptavina.
 - o Fræða viðskiptavini um loftslags- og sjálfbærniáherslur í fjármálageiranum sem getur endurspeglast í bættum lánakjörum í framtíðinni.
 - o Vera í virkum samskiptum við viðskiptavini varðandi þróun á vöru- og þjónustuframboði með tilliti til stafrænnar vegferðar Sparisjóðsins.

Heildarfjöldi starfsfólks í árslok 2025 var átta. Sjóðnum er því ekki skylt að fá jafnlaunastaðfestingu eða vottun. Sjóðurinn hefur það samt sem áður að markmiði að starfsfólki séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf.

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í mannauðsmálum, samskiptum við nærsamfélagið og mannréttindamálum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu Sparisjóðsins í sjálfbærnimálum.

Stjórnarhættir

Sparisjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

- Góðir viðskiptahættir
 - o Sparisjóðurinn leggur áherslu á gegnsæi og hefur sett sér stefnur, reglur og verklag til þess að tryggja eftirfylgni við þau lög og reglur sem gilda um starfsemi hans.
 - o Sparisjóðurinn fylgir leikreglum samfélagsins með heiðarleika, sanngirni, ráðvendni, hófsemd og varfærni að leiðarljósi í starfi.
- Vernd uppljóstrara og aðgerðir gegn spillingu og mútum
 - o Sparisjóðurinn lætur óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast. Tilkynna skal um ætluð brot til réttra aðila og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka- og glæpastarfsemi.
 - o Með ábendingarkerfi sem starfsfólk er upplýst um er hægt að leita til formanns endurskoðunarnefndar sparisjóðsins ef grunur um misferli á fjármunum sparisjóðsins liggur fyrir eða um annað misjafnt sem starfsfólk getur orðið vart við í starfi.
 - o Óheimilt er að refsastarfsfólki sem tilkynna í góðri trú um ætluð brot annarra.
- Mannréttindi
 - o Sparisjóðurinn virðir mannréttindi og er umhugað um samstarfsfólk, viðskiptavini og aðra sem hagsmuna eiga að gæta þar sem lagt er upp með að sýna hvert öðru virðingu.

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í stjórnarháttum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu Sparisjóðsins í sjálfbærnimálum.

Sjóðurinn hefur sett sér ýmsar stefnur og ferla er tengjast sjálfbærni þar á meðal persónuverndarstefnu, stefnu um meðhöndlun kvartana, starfskjarastefnu, upplýsingastefnu, siðareglur og stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Megináhættur

Sparisjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu í sjálfbærni- og loftslagsmálum. Þar eru skilgreindar megináhættur í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Sparisjóðurinn hefur hafið vinnu við að skilgreina ákveðna þætti út frá áhættum með hliðsjón af UFS viðmiðum sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur hans, hvort sem þau eru af fjárhagslegum eða ófjárhagslegum toga.

Dæmi um slíkar UFS áhættur eru eftirfarandi:

- **Umhverfisþættir:** loftslagsbreytingar (bæði raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta), hnignun vistkerfa, skerðing auðlinda, úrgangsmýndun og mengun
- **Félagslegir þættir:** slæm vinnuskilyrði (til að mynda þrælalald og barnaþrælkun), mismunur, og lýðheilsa
- **Stjórnarhættir:** fyrirtækjamenning (til að mynda fjölbreytileiki), viðskiptasiðferði (til að mynda mútubægni og spilling), dýravelferð, stjórnarhættir og upplýsingagjöf

Loftslagstengdar áhættur í tengslum við fjármál er gjarnan skipt í tvo meginflokkar samkvæmt Task Force on Climate-Related Financial Disclosure (TCFD):

- **Umbreytingaráhætta** (e. Transition risk) kemur til vegna aðgerða til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Slík áhætta vísar til fjárhagslegs taps Sparisjóðsins, með beinum og óbeinum hætti, sem rekja má til verðlækkana, hækkandi orkukostnaðar eða innleiðingar á reglugerðum tengdum við sjálfbærni- og loftslagsmál.
- **Raunlæg áhætta** (e. Physical risk) sem stafar með beinum hætti af afleiðingum loftslagsbreytinga og leiðir til fjárhagslegs taps fyrir Sparisjóðinn. Sem dæmi má nefna vegna flóða, aurskriða og annarra náttúrutengdra atburða.

UFS viðmið gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun hjá Sparisjóðnum og sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd Sparisjóðsins mun taka að sér að styðja við áframhaldandi innleiðingu UFS þátta í starfsemi hans með því að vinna með sparisjóðsstjóra við ákvarðanatöku og að tryggja að tekið sé tillit til UFS viðmiða þvert á starfsemina.

Sjálfbærni- og loftslagsáhættustefna Sparisjóðsins tekur mið af áhættupoli hans og áhættuvilja stjórnar til að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu hjá Sparisjóðnum. Áhættuvilji skal því samræmast áhættumati sjóðsins og taka á helstu sjálfbærniáhættum.

Áreiðanleikakönnunarferli

Þær upplýsingar sem fram koma í ófjárhagslegum upplýsingum koma úr upplýsingakerfum Sparisjóðsins. Stjórn sjóðsins fer yfir og samþykkir ófjárhagslegar upplýsingar auk þess sem ytri endurskoðandi yfirfer þær með tilliti til hvort þær innihaldi þau atriði sem þær eiga að innihalda skv. gr. 66.d í lögum um ársreikninga. Ytri endurskoðandi staðfestir ekki áreiðanleika upplýsinganna.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Þann 1. júní 2023 tóku í gildi á Íslandi lög sem innleiða framseldar reglugerðir Evrópusambandsins um flokkunarkerfi fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Er reglunum ætlað að ýta frekar undir sjálfbærar fjárfestingar. Gildissvið laganna sem innleiða flokkunarkerfið nær yfir flest þau félög sem veita eiga ófjárhagslegar upplýsingar skv. 66.gr.d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fellur því Sparisjóðurinn þar undir.

Samkvæmt reglugerðinni eiga fjármálafyrirtæki að veita upplýsingar hlutfall grænna eigna (e. green asset ration, GAR) og sýna þannig hlutfall eigna sinna sem fjármagna atvinnustarfsemi sem er í samræmi við flokkunarkerfið (e. alinged). Gert er ráð fyrir að upplýsingar um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi séu sóttar beint frá viðskiptavinum. Þar sem upplýsingar skv. reglugerðinni eru nú birtar í fyrsta skipti liggja upplýsingar viðskipavina ekki enn fyrir.

Flokkunarreglugerðin tekur einnig til lána til heimila og skiptast í lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, lána til endurnýjunar bygginga og lán vegna kaupa vélknúinna ökutækja. Til að húsnæði geti talist umhverfislega sjálfbært skv. reglugerðinni þurfa að liggja fyrir upplýsingar um orkunýtingu en krifa um slíkt er ekki gerð um húsnæði á Íslandi og liggja þær upplýsingar því ekki fyrir um það húsnæði sem Sparisjóðurinn hefur lánað fyrir. Eins hefur Sparisjóðurinn ekki allar þær upplýsingar um vélknúin ökutæki, sem lánað er fyrir, þurfa að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær.

Vegna ofangreinds getur Sparisjóðurinn ekki birt upplýsingar um hlutfall grænna eigna sinna að svo stöddu.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins, frh.

Lágmarksverndarráðstafanir

Skv. flokkunarreglinu eiga félög að veita upplýsingar um lágmarksverndarráðstafanir er snúa að mannréttindum, skattamálum, samkeppnismálum og aðgerðum gegn mútum og spillingu. Sparisjóðurinn hefur skoðað hvernig hann stendur gagnvart þessum lágmarksviðmiðum og ljóst er að hann uppfyllir þau ekki að öllu leiti en mun vinna áfram að því á árinu 2026.

Ekki er til staðar formleg skattastefna en lögð er rík áhersla á að farið sé í einu og öllu eftir lögum og reglum og að allir skattar séu greiddir. Þá hefur sjóðurinn ekki metið hvort mannréttindi séu virt í virðisæðju sinni né innleitt verklag um áhrif starfseminnar á mannréttindi í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipt og mannréttindi og viðmið OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki

Sparisjóðurinn eða stjórnendur hans hafa ekki gerst brotleg við löggjöf eða reglur er snúa að mannréttindum, sköttum, samkeppnismálum, mútum eða spillingu.

Stjórnháttaryfirlýsing Sparisjóðs Austurlands

Sparisjóður Austurlands fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og þeim lagalegum skyldum sem á sjóðinn eru lagðar, samþykktum, reglum og samningum.

Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttar sparisjóðsins og er í kaflaheitum stuðst við 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands vi.is.

Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem sparisjóðurinn fylgir

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur með vísan til 54. gr. laga 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem taka m.a. til verkskiptingar sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.

Meginefni starfsreglna sparisjóðsins varðar:

1. Framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra
2. Sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa
3. Meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn
4. Setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga
5. Framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna
6. Ákvarðanir um fjárfestingar sparisjóðsins

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi

sparisjóða má nálgast á heimasíðu fjármálaeftirlitsins. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra eru aðgengilegar á heimasíðu sparisjóðsins sparaust.is.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Nánari upplýsingar um innra

eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum má finna í ársreikningi í skýringu 22.

Gildi sparisjóðsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Samfélagslegt hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 61. gr. sbr. 63. gr. laga nr. 161/2002 er að vera mikilvæg þjónusta- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og nærsamfélagi.

Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun mun það samfélag sem er á starfssvæði sjóðsins skv. skilgreiningu 61. gr. laga nr. 161/2002,

njóta tilvistar sjóðsins þar sem hann miðlar fjármagni á milli fyrirtækja og einstaklinga.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Sparisjóðsstjórn kys sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Formaður boðar til stjórnarfunda og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir árið

og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftar telji stjórn ástæðu til.

Á síðasta starfsári voru haldnir þrettán stjórnarfundir og mæting stjórnarmanna á þá mjög góð.

Fundur skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparisjóðsstjóri telur þess þörf. Fundur stjórnar er því

aðeins lögmætur að a.m.k. þrjú stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildir ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum

sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra.

Stjórn sparisjóðsins skipa:

Jón Einar Marteinson stjórnarformaður, Regína Fanný Guðmundsdóttir varaformaður, Jón Björn Hákonarson, Jóna Árný Þórðardóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson.

Jón Einar Marteinson er fæddur 3. janúar 1964, til heimils á Norðfirði, Fjarðabyggð. Jón Einar var kjörinn í sjórn sparisjóðsins í

september 2010 og hefur verið stjórnarformaður síðan. Jón Einar er sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum í Tromsø í Noregi og

með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Frá 1995 til 2018 var Jón Einar framkvæmdastjóri Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar hf. og Fjarðanets hf. og frá árinu 2019 hefur hann verið rekstarstjóri Hampiðjunnar í Neskaupstað. Hann hefur setið í stjórn Eignahaldsfélags Austurlands, Atvinnuþróunarfélags Austurlands og Fræðslunets Austurlands og formaður þeirra tveggja síðastnefndu. Jón Einar á 0,20% hlut í Sparisjóði Austurlands hf. og telst óháður sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Sparisjóðs Austurlands hf.

Regína Fanný Guðmundsdóttir er fædd 13. nóvember 1969, til heimils í Hafnarfirði. Regína var kjörin í stjórn sparisjóðsins í apríl 2013 og hefur verið varaformaður síðan. Regína Fanný er löggiltur endurskoðandi og lauk Cand. oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1994. Regína Fanný hefur gengt starfi fjármálastjóra Reykjanesbæjar frá því í desember 2018 en áður eða frá 2014 var hún forstöðumaður Reikningshalds hjá sama sveitarfélagi. Regína hefur reynslu frá fjármálfyrirtækjum og starfaði sem fjármálastjóri Byrs sparisjóðs á árunum 2010 til 2012 og forstöðumaður reikningshalds í fimm ár þar á undan. Einnig hefur hún reynslu af störfum á endurskoðunarskrifstofu PwC og sem útibússtjóri hjá Landsbankanum. Regína Fanný á engan hlut í Sparisjóði Austurlands hf. og telst óháð sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Sparisjóðs Austurlands hf.

Undirnefnd: Formaður Endurskoðunar- og áhættunefndar.

Jón Björn Hákonarson er fæddur 27. janúar 1973, til heimils á Norðfirði, Fjarðabyggð. Jón Björn var kjörinn í stjórn sparisjóðsins í apríl 2012 og hefur setið í stjórn síðan. Jón Björn var forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar frá árinu 2010 til 2020 og varaformaður

bæjarráðs frá sama tíma. Bæjarstjóri Fjarðabyggðar og bæjarfulltrúi 2020-2023 og forseti bæjarstjórnar og varaformaður bæjarráðs

frá 2023. Jón Björn var formaður stjórnar Landsvirkjunar frá 2024 til 2025, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2025, stjórnarmaður í stjórn Leigufélagsins Bríetar og varaformaður í stjórn Brákar íbúðafélags hses ásamt setu í nefndum og ráðum fyrir Fjarðabyggð og opinbera aðila. Jón Björn á engan hlut í Sparisjóði Austurlands hf. og telst óháður sparisjóðnum. Jón Björn er kjörinn fulltrúi Fjarðabyggðar og telst hann því háður stórum hluthafa sparisjóðsins. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Sparisjóðs Austurlands hf.

Jóna Árný Þórðardóttir er fædd 27. maí 1977 til heimils á Norðfirði, Fjarðabyggð. Jóna Árný var kjörin í stjórn sparisjóðsins í apríl

2013. Jóna Árný er löggiltur endurskoðandi frá 2008 og lauk Cand. oecon gráðu frá Háskóla Íslands 2004. Jóna Árný starfar sem

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar og telst hún því háð stórum hluthafa sparisjóðsins. Starfsreynsla Jónu Árnýjar samanstendur m.a. af störfum sem fjármálastjóri Fjarðabyggðar, greiningarsérfræðingur innra eftirlits hjá Alcoa Fjarðaáli, framkvæmdastjóri Austurbrúar, SSA og sérfræðingur hjá endurskoðunarskrifstofunni KPMG auk þess að sitja í ýmsum nefndum og starfshópum á vettvangi atvinnulífs, stjórnvalda og sveitarfélaga. Jóna Árný á engan hlut í Sparisjóði Austurlands hf. og telst óháð sparisjóðnum. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Sparisjóðs Austurlands hf.

Sigurður Hafsteinn Pálsson er fæddur 16. febrúar 1950, til heimils í Hörgársveit við Eyjafjörð. Sigurður Hafsteinn var kjörinn í stjórn

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Magnús Jóhannsson er fæddur 20. september 1958, til heimilis á Norðfirði, Fjarðabyggð. Magnús var kjörinn sem varamaður í stjórn sjóðsins í apríl 2025. Magnús lauk námi við Tækniskólann árið 1989 í rekstrar- og útgerðartækni. Hann hefur langa reynslu af fjármálastarfsemi var forstöðumaður fjármálasviðs Fjarðabyggðar til ársins 2004 þar til hann tók við sem skrifstofustjóri Sparisjóðs Austurlands hf. til ársins 2025. Magnús er stjórnarformaður Samvinnufélags útgerðarmanna og í Múlanum Samvinnuhúsi ehf. og telst hann því háður stórum hluthafa sparisjóðsins. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Stjórn sparisjóðsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda. Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og ber stjórn sparisjóðsins ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda.

Ein undirnefnd er starfandi samkvæmt ákvörðun stjórnar sparisjóðsins og er það Endurskoðunar- og áhættunefnd. Nefndin hélt níu fundi á síðasta ári og var ávallt fullmönnuð. Nefndin er skipuð af stjórn sparisjóðsins eftir aðalfund hans. Erindisbréf nefndarinnar er á heimasíðu sparisjóðsins sparaust.is. Nefndina skipa Regína Fanný Guðmundsdóttir formaður, Guðrún Pálsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson. Regína og Sigurður eru einnig í stjórn sparisjóðsins.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöðu matsins.

Upplýsingar um sparisjóðsstjóra

Stjórn ræður sparisjóðsstjóra og veitir honum lausn, setur honum erindisbréf með skilgreiningu á starfssviði og ábyrgð.

Ákveður honum laun og önnur ráðningarkjör. Daglegur rekstur er í höndum sparisjóðsstjóra, skrifstofustjóri sparisjóðsins er honum til aðstoðar og leysir hann af í sumarleyfum. Í IV. kafla reglna Sparisjóðs Austurlands um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra er fjallað um "hlutverk og skyldur sparisjóðsstjóra". Stjórn setur sparisjóðnum starfskjarastefnu.

Sparisjóðsstjóri er Þuríður Jónsdóttir, hún er fædd 31. janúar 1968 hún tók við starfi sparisjóðsstjóra þann 1. október 2024 af

Vilhjálm G. Pálssyni. Þuríður er viðskiptafræðingur að mennt, lauk Cand. Oecon gráðu frá Háskóla Íslands árið 1992.

Þuríður starfaði frá árinu 1996 hjá Deloitte ehf. og veitti forstöðu útibúi félagsins í Neskaupstað. Þar vann hún að fjölbreyttum verkefnum, endurskoðun og ársuppgjörum auk og ýmis sérfræðistarfa fyrir bæði lögaðila og einstaklinga. Á árinum frá 1992 til 1996 starfaði Þuríður hjá Sparisjóði Norðfjarðar. Þuríður er í stjórn Sambands ísl. sparisjóða, SÍSP. Þuríður á engan hlut í Sparsjóði Austurlands hf. og telst óháð sparisjóðnum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Sparisjóðs Austurlands hf.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa

orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

Þessi stjórnarháttaryfirlýsing var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. 22. janúar 2026.

Undirritunarsíða

Jón Björn Hákonarson



Undirritað af:
Jón Björn Hákonarson
2701733149
Dags: 31.03.2026
Tími: 13:14:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Jón Einar Marteinnsson



Undirritað af:
Jón Einar Marteinnsson
0301643939
Dags: 31.03.2026
Tími: 13:36:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Jóna Árný Þórðardóttir



Undirritað af:
Jóna Árný Þórðardóttir
2705775209
Dags: 31.03.2026
Tími: 14:38:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Regína Fanný Guðmundsdóttir



Undirritað af:
Regína Fanný
Guðmundsdóttir
1311693379
Dags: 31.03.2026
Tími: 15:08:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Sigurður Hafsteinn Pálsson



Undirritað af:
Sigurður Hafsteinn
Pálsson
1602502919
Dags: 31.03.2026
Tími: 14:36:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Þuríður Jónsdóttir



Undirritað af:
Þuríður Jónsdóttir
3101683439
Dags: 31.03.2026
Tími: 13:15:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

Sigurjón Örn Arnarson



Undirritað af:
Sigurjón Örn Arnarson
0610784369
Dags: 31.03.2026
Tími: 15:19:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5cc187e1-03c0-42ed-ae2f-60932f86e326

